



Nikulás Guðnason, meistaranemi í félagsráðgjöf.
Samantekt á erindi hans í vinnusmiðju siðanefndar FÍ
á alþjóðadegi félagsráðgjafar, 18.mars 2025

Gervigreind og félagsráðgjöf

Gervigreindin er bæði spennandi en einnig umdeild. Hún er djúpur gagnagrunnur með ótakmörkuðum upplýsingum og getur haft áhrif á mannleg samskipti. Þróun gervigreindar er hröð og framtíðin er óviss. Með aukinni aðsókn í gervigreindina er ómögulegt að kortleggja hver þróun hennar verður. Fólk á oft auðveldara með að tjá sig við lyklaborð og því er ekki útilokað að gervigreindin gæti orðið að trúnaðarveru frekar en leið til upplýsingaöflunar. Þá spyr maður sig: Mun hún nokkurn tímann veita sömu nánd og manneskja?

Í kvikmyndum eins og *I, Robot* og *Terminator* stjórnar gervigreindin mannkyninu og eðlilega gætu sumir orðið hræddir við okkar gervigreind, sem minnir á veruleikann í þessum bíómyndum. Þó er ólíklegt að slík tilvera raungerist.

Samfélagið og tæknin hefur þróast mjög hratt. Fyrir 20 árum voru farsímar litlir og með takka en nú eru þeir stórir með snertiskjá og þeir eru lykill að rafrænum samskiptum. Hvað gerist ef gervigreind þróast á sama hraða?

Carl Jung á að hafa sagt: „Kynntu þér allar kenningarnar, tileinkaðu þér alla

tæknina, en nálgastu mannfólkið alltaf eins og hver önnur manneskja.“ Þessi tilvitnun finnst mér eiga vel við um gervigreindina í samhengi við klínískt starf með fólki því í klínísku starfi eins og félagsráðgjöf skiptir nánd, viðmót og virk hlustun öllu máli. Félagsráðgjafar vinna með fólki á mannlegum forsendum en gervigreind skortir innsæi og tilfinningar. Þó getur hún létt undir skjalavinnu félagsráðgjafa og flýtt fyrir vinnu við upplýsingaleit. Starf félagsráðgjafa er persónulegt, sem ég tel ekki eiga við um gervigreindina. Hún mun aldrei veita sömu nánd og fólk gerir, enda eru tilfinningar mannlegar en ekki rafrænar. Gervigreindin er almennt byggð á lausnum og upplýsingum en fólk vantar ekki alltaf lausnir, heldur að á það sé hlustað og því sýndur skilningur og umhyggja.

Mannleg mistök eru eðlileg en gervigreind gerir einnig villur. Munurinn er sá að við mennirnir búum yfir gagnrýnni hugsun, hæfni til að meta upplýsingar og móta eigin skoðanir. Þó gervigreind geti greint mynstur vantar hana dýptina sem reynsla og innsæi veitir. Þróun gervigreindar gæti gert

heiminn ópersónulegri. Við pöntum æ oftast mat, verslum og leysum vanda-mál með síma eða tölvu án þess að eiga samskipti við annað fólk. Ég tel þessa breytingu geta haft áhrif á félagslega og andlega heilsu. Hvaða áhrif mun það hafa á okkur ef samskipti minnka og gervigreind tekur við stærra hlutverki í daglegu lífi? Félagsráðgjafar þurfa að fylgja þróuninni og aðlagast. Gervigreindin mun ekki gera þá óþarfa, heldur auka þörfina fyrir félagsráðgjöf með nýjum áskorunum.

Notkun gervigreindar í námi gæti haft áhrif á nýjar kynslóðir félagsráðgjafa. Verður nýr hópur verr undirbúinn ef gervigreind tekur við stórum hluta vinnunnar? Það skiptir máli að meta vinnu og frumleika fólks, en hvernig getum við greint á milli manlegra hugmynda og rafrænna texta gervigreindar? Framtíðin mun færa okkur miklar framfarir en ég trúi að félagsráðgjöf verði áfram mikilvæg. Ef gervigreind kemur til með að hafa neikvæð áhrif á líf og þroska fólks mun félagsráðgjöf þannig gegna lykilhlutverki í að leiða það veginn fram á við.